

Þriðjudaginn 23. nóvember 1976.

Nr. 172/1975. **Útgerðarfélag Akureyringa h/f**

(Jón Finnsson hrl.)

gegn

Landhelgisgæslu Íslands f. h. eiganda og áhafnar v/s Óðins og gagnsök

(Gísli G. Ísleifsson hrl.).

Dómenður:

hæstaréttardómarnir Magnús Þ. Torfason, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson og Þór Vilhjálmsson.

Björgun. Sjóveðréttur.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 5. desember 1975. Hann krefst aðallega sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar sér til handa í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefst hann þess, að honum verði aðeins dæmt að greiða gagnáfrýjanda 1.060.000 krónur svo og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 12. desember 1975. Hann krefst þess, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða sér 16.000.000 krónur með 13% ársvöxtum frá 15. ágúst 1974 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Einnig krefst hann viðurkenningar á sjóveðrétti í b/v Svalbak, EA 302, til tryggingar framanskráðum fjárhæðum.

Gagnáfrýjandi hefur stefnt Samvinnutryggingum g/t fyrir Hæstarétt til réttargæslu, en engar kröfur gert á hendur þeim.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný skjöl, en ekki er ástæða til að rekja efni þeirra. Því hefur verið lýst yfir, að Skipaútgerð ríkisins annist reikningshald fyrir Landhelgisgæslu Íslands.

Héraðsdómsstefna í málinu var birt aðaláfrýjanda 20. nóvember 1974, en ekki 12. nóvember, eins og misritast hefur í héraðsdómi. Þann dag var stefnan hins vegar birt réttargæslustefnda, Samvinnutryggingum g/t.

Í héraðsdómi er greint frá kröfum gagnáfrýjanda á hendur Samvinnutryggingum g/t um björgunarlaun og frá málshöfðun gagnáfrýjanda á hendur aðaláfrýjanda til heimtu þeirra launa. Gat aðaláfrýjandi ekki gengið þess dulinn, að gagnáfrýjandi mundi ekki sætta sig við greiðslu fjárhæðar samkvæmt reikningi Skipaútgerðar ríkisins sem fulla greiðslu fyrir hjálp v/s Óðins. Breytir það engu í því efni, þó að Skipaútgerð ríkisins veitti reikningsfjárhæðinni viðtöku, er aðaláfrýjandi sendi hana, en það fé endurgreiddi Skipaútgerðin skömmu síðar. Verður því staðfest úrlausn héraðsdóms um sýknukröfuna.

Að því er varðar varakröfu aðaláfrýjanda, verður ekki séð, að hann hafi fyrir héraðsdómi reist hana á öðru en því, að björgunarlaunakrafa gagnáfrýjanda væri of há. Með þessari athugasemd og að öðru leyti með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta þá úrlausn hans, að gagnáfrýjandi eigi rétt til björgunarlauna úr hendi aðaláfrýjanda. Þykja þau hæfilega ákveðin 3.500.000 krónur ásamt vöxtum eins og í héraðsdómi segir, en vaxtakrafan, eins og hún var gerð við munnlegan flutning máls í héraði og fyrir Hæstarétti, sætir ekki sérstökum andmælum.

Rétt er, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, og ákveðst hann samtals 650.000 krónur.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um viðurkenningu á sjóveðrétti.

D ó m s o r ð :

Aðaláfrýjandi, Útgerðarfélag Akureyringa h/f, greiði gagnáfrýjanda, Landhelgisgæslu Íslands f. h. eiganda og áhafnar v/s Óðins, 3.500.000 krónur með 13% ársvöxtum frá 15. ágúst 1974 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 650.000 krónur. Á gagnáfrýjandi sjóveðrétt í b/v Svalbak, EA 302, til tryggingar fjárhæðum þessum.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verslunardóms Reykjavíkur 3. október 1975.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 22. f. m., hefur Pétur Sigurðsson, forstjóri Landhelgisgæslu Íslands, fyrir hennar hönd og áhafnar v/s Óðins höfðað gegn Útgerðarfélagi Akureyringa h/f, Akureyri, til greiðslu björgunarlauna að fjárhæð kr. 16.000.000 með 15% ársvöxtum frá 15. ágúst 1974 til greiðsludags og málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands. Þá krefst stefnandi og, að viðurkenndur verði sjóveðréttur í b/v Svalbak, EA 302, fyrir öllum dæmdum kröfum samkvæmt 3. tl. 216. gr. laga nr. 66/1963.

Af hálfu Útgerðarfélags Akureyringa eru þær dómkröfur gerðar aðallega, að það verði sýknað af kröfum stefnanda og því dæmdur málskostnaður úr hendi hans að mati dómsins, en til vara, að það verði sýknað af kröfum stefnanda gegn greiðslu á kr. 1.060.000 ásamt innheimtubóknun samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Stefnandi hefur stefnt Samvinnutryggingum g/t, sem selt hafa stefnda tryggingu fyrir b/v Svalbak, til réttargæslu í málinu, en ekki eru gerðar kröfur á hendur félaginu, og af þess hálfu eru ekki heldur gerðar kröfur í málinu.

Málavextir eru þeir, að er b/v Svalbakur var að veiðum um 322° r/v 40.5 sjómíli frá Kögri 15. ágúst 1974, fór varpan í skrífu skipsins. Að beiðni skipstjóra b/v Svalbaks kom v/s Óðinn á vettvang, og losaði kafari skipsins vörpuna úr skrífunni. Sjópróf fór fram út af atburði þessum. Komu þá fram skýrslur varðskipsmanna og ljósrit af leiðarbók varðskipins. Skippherra varðskipins og 1. og 2. stýrimaður gáfu skýrslur fyrir dómi. Undir rekstri máls þessa hafa komið fram útdrættir úr dagbók b/v Svalbaks og véladagbók skipsins, og einnig hafa skipstjórinn og 1. vélstjóri komið fyrir dóminn. Verður nú málsefnið rakið eins og það kemur fram í gögnum þessum.

Samkvæmt leiðarbókarútdrætti b/v Svalbaks frá 15. ágúst 1974 kemur fram, að er verið var að taka stórt hol, vildi það til, að gilskrókur brotnaði. Rann belgur vörpunnar út og lenti í skrífu skipsins. Stöðvaðist hún við það. Var fenginn kafari frá varðskipinu Óðni, sem var nærstätt, og náði hann fljótlega úr skrífunni. Við athugun kom fram, að tengsli hélt ekki. Samkvæmt leiðarbókarútdrættinum kemur og fram, að NA gola var og sléttur sjór, en talsverður straumur í kantinum austan við Djúp. Klukkan 1300 var haldið til Akureyrar með hálfri ferð.

Samkvæmt véladagbók b/v Svalbaks frá 15. ágúst 1974 kemur fram, að klukkan 0835 hafi verið byrjað að hífa vörpuna. Um kl. 0855 hafi varpan verið komin inn og hafi verið unnið við að snörla belginn inn. Geysimikill fiskur hafi verið í vörpunni og hafi verið unnið við að taka skiptipoka, þegar gilsinn hafi brotnað. Þá hafi belgurinn á vörpunni runnið slakur út og hafi hann lent í skrúfu skipsins. Kemur fram, að aðalvélin hafi snúist með fullum snúningshraða, 470 sn/mín., en skrúfan hafi verið stillt nálægt hlutlausri stöðu, líklega með 2° — 3° skurð áfram. Því hafi vélin haft mjög mikið snúningsvægi og hafi ekki dregið mikið niður í henni, þótt varpan lenti í skrúfunni, en á nokkrum sekúndum hafi farið að kafrjúka úr niðurfærslugírnum, en í honum séu einnig tengsli milli vélar og skrúfu. Vélin hafi þá þegar verið stöðvuð. Hafi skálin á tengslinu þá verið farin að blána af hita. Nú hafi froskmaður frá v/s Óðni komið á staðinn og skorið netið úr skrúfunni. Er því hafi verið lokið um kl. 1300, hafi vélin verið sett í gang og skurður settur á skrúfuna, en þá hafi tengslið ekki haldið. Þá hafi verið hækkaður þrýstingur á tengslinu og smám saman settur 12° skurður á skrúfublöð með fullum snúningshraða vélar og hafi tengslið ekki virst hitna við það. Síðan hafi verið siglt áleiðis til lands.

Hér fyrir dóminum hefur Halldór Hallgrímsson, skipstjóri á b/v Svalbak í umræddri ferð, staðfest útdráttinn úr dagbók skipsins. Kveður hann mikinn fisk hafa verið í vörpunni, er atburðurinn varð, sennilega 30—40 tonn. Reynt hafi verið að hífa vörpuna í upphafi, en allt hafi verið fast. Hann kveður skipverja ekki hafa reynt að losa vörpuna úr skrúfunni, áður en samband var haft við varðskipið, því vitað hafi verið, að það var ekki langt í burtu. Varðandi aðstöðu skipverja til að ná vörpunni úr skrúfunni kveður Halldór langar bambusstangir hafa verið um borð, sem hægt hefði verið að nota við að stýra krækjum til að tæta úr skrúfunni, en vinda skipsins hafi að sjálfsögðu verið gangfær. Auk þess hafi skipið verið með vélbát. Halldór kveður aðgerðir skipverja mundu hafa tekið langan tíma. Auk þess kynni fiskur að hafa tapast úr vörpunni. Hann kveður 10—15 tonn hafa náðst úr vörpunni, þegar búið var að losa hana. Halldór kveður engan vír hafa farið í skrúfuna og engar vírbelglínur. Skipið hafi verið með flotvörpu og hafi það verið belgurinn, sem hafi farið í skrúfuna, en hann sé úr gerviefni. Kveðst Halldór telja, að skipverjum hefði tekist að ná vörpunni úr skrúfunni og að skipið hefði þá komist til hafnar fyrir eigin vélarafli, þótt hann geti ekki sagt

um, hversu langan tíma það hefði tekið. Hann kveður skipið hafa verið með lögboðin legufæri og 1400 faðma af vír á tromlu. Hann kveður blíðuveður hafa verið þar, sem skipið var, og hafi fjöldi smærri og stærri íslenskra skipa verið í nánd, en ekki hafi hann haft samband við þau út af atburði þessum. Þoka hafi verið og nokkuð dimm á köflum og hafi ekki sést til skipa með berum augum, en þau hafi sést í radar. Halldór kveðst hafa hugsað málið þannig, að í vörpunni væri fiskur að verðmæti allt að kr. 1.000.000 og þó hjálp kostaði verulegan hluta af þeirri fjárhæð, þá væri hún þess virði. Hann kveðst sjálfur svo hafa talað við skipherra varðsupsins og beðið um hjálp. Ekki kveðst Halldór í upphafi hafa orðað samning um ákveðna greiðslu fyrir hjálpina, en á meðan á aðgerðum stóð, hafi hann spurt skipherrann, hvað þetta mundi kosta. Skipherrann hafi ekki talið sig geta svarað því, heldur yrði skrifstofan að svara því. Varðandi aðgerðir kafarans hefur Halldór skýrt svo frá, að kafarinn hafi komið upp og beðið um að reynt yrði að „törna“ vélinni. Að því hafi verið unnið, en kafarinn hafi ekki beðið eftir því og hafi hann farið niður aftur.

Hér fyrir dómi hefur Freysteinn Bjarnason, I. vélstjóri á b/v Svalbak í umræddri ferð, staðfest efni útdráttarins úr véladagbók skipsins. Hann kveður einn skipverja hafa komið með þau skilaboð frá kafaranum, að reynt yrði að „törna“ vél skipsins. Hann kveður tengslið í niðurfærslugírnum enn hafa verið sjóðheitt og áður en dælur hafi verið settar í gang, hafi verið athugað, hvort svarf kæmi fram. Hann kveður aðgerðir til að „törna“ vélinni hafa verið þær, að „törningsvél“ hafi verið sett inn, en tengslið hafi ekki haldið og hafi þá ekki verið frekar að gert, enda hafi kafarinn verið kominn niður aftur. Þá hafi átt eftir að hækka olíuþrýstinginn í tengslinu, en auk þess hafi verið fyrir hendi diskar í tengslið, svo skipta hafi mátt um. Ef það hefði verið gert, hefði mátt beita miklu átaki við að snúa öxlinum. Kveðst Freysteinn telja, að þeim hafi ekki gefist mikill tími til aðgerða til að „törna“ vélinni, og hafi hann ekki fengið önnur skilaboð en þau, að kafarinn væri kominn niður aftur. Freysteinn kveður skipt hafa verið um diska í tengslinu, þegar komið var í land, og hafi hann unnið að því sjálfur ásamt tveimur mönnum frá verkstæði. Hafi verkið tekið einn og hálfan vinnudag. Hann kveður hægt að skipta um tengsli úti á sjó og í svo góðu veðri, sem þarna var, hefði það tekið svipaðan tíma og í landi. Kveðst Freysteinn ekki telja fráleitt, að skipverjum hefði tekist að ná vörpunni úr skrúfunni, en það hefði tekið tíma. Hann kveður skipið hafa

verið tilbúið til siglingar til lands kl. 1300, en áður hafi kafarinn verið búinn að ljúka starfi sínu, líklega er klukkan var langt gengin í tólf.

Helgi Hallvarðsson, skipherra á varðskipinu Óðni, hefur skýrt svo frá, að er skipið hafi verið á eftirlitsferð á miðunum norður af Kögri 15. ágúst 1974, hafi b/v Svalbakur kallað kl. 0927. Hafi skipstjórnarmenn sagt vörpuna hafa farið í skrófu skipsins og hafi þeir beðið um aðstoð. Staður b/v Svalbaks hafi verið gefinn upp 322° r/v 40.5 sjómílar frá Kögri og hafi varðskipið haldið strax af stað, en það hafi verið statt 9 sjómílar austur af togaranum. Klukkan 1005 hafi kafari, Indriði Kristinsson, 2. stýrimaður, farið yfir að togaranum ásamt tveimur hásetum. Hafi kafarinn svo hreinsað vörpuna úr skrófu b/v Svalbaks, en hann hafi þurft að koma upp einu sinni til að skipta um loftkút. Klukkan 1138 hafi svo kafarinn komið um borð í varðskipið, er hann hafði lokið við að hreinsa úr skrófunni, og hafi varðskipið þá haldið á brott. Samkvæmt skýrslu þeirri, sem Indriði gaf um starfa sinn, kvaðst Helgi telja útilokað, að b/v Svalbakur hefði komist til hafnar af eigin rammleik. Samkvæmt skýrslu Indriða hafi ekki verið hægt að beita skrófunni. Kveðst Helgi telja, að b/v Svalbakur hafi ekki verið í yfirvofandi hættu að því er land varðar, en þar sem ekki hafi verið hægt að beita skrófunni, hafi ekki verið hægt að sigla undan skipum, sem á togarann stefndu, en þarna hafi verið svartapoka og margir togarar í kring. Ekki kveðst Helgi vita, hvort skipverjar b/v Svalbaks hafi reynt að losa vörpubelginn úr skrófunni, en hann hafi ekki séð nein merki um það. Kveðst hann telja, að ekki hafi verið um aðrar leiðir að ræða við að losa úr skrófunni en með köfun eða með því að taka skipið í slipp.

Indriði Kristinsson, 2. stýrimaður v/s Óðins, hefur skýrt svo frá, að kl. 1010 hafi hann ásamt hásetunum Finnboga Birgissyni og Guðna Sigurmundssyni farið á gúmbáti yfir að b/v Svalbak. Hann kveðst ekki hafa orðið var við það, er hann kom yfir að togaranum, að skipverjar hans hefðu gert neina tilraun til að losa vörpubelginn úr skrófunni, og ekki kveður hann sér heldur hafa verið sagt frá, að það hefði verið reynt. Indriði kveður í ljós hafa komið, að bugt af vörpubelgnum var tvívaðinn um skrófu-öxulinn og eitt skrófublaðið og hafi endinn af bugtinni hangið 2—3 m niður af öxlinum stjórnborðsmegin. Bakborðsmegin hafi 10—15 m af pokanum og belgnum lafað niður. Efri endi belgsins hafi verið um borð í togaranum. Indriði kveður pokann og belg-

inn hafa verið fulla af fiski, alveg upp að öxlinum. Einnig hafi verið talsvert af fiski í þeim hluta belgsins, sem var vafinn um öxulinn og skrúfunu. Bugtin, sem lafði stjórnborðsmegin niður af öxlinum, hafi svo verið sneisafull af fiski. Er hann hafði skorið netið af skrúfublaðinu, kveðst Indriði hafa rist á bugtina og hreinsað úr henni fiskinn og síðan hafi hann brugðið henni yfir öxulinn og liðkað um netið eins og hægt var. Þá kveðst hann hafa farið upp og beðið skipverja að reyna að „törna“ vélinni í bakborða og hífa í belginn um leið, en sú tilraun hafi engan árangur borið. Hann kveðst svo hafa farið niður á ný og byrjað að skera belginn af öxlinum og hafi það gengið nokkuð greiðlega. Indriði kveður loft hafa verið búið úr kútnum kl. 1106 og hafi hann þá farið um borð í varðskipið og skipt um kút. Klukkan 1110 hafi hann svo haldið á ný yfir að b/v Svalbak og haldið áfram að hreinsa úr skrúfunni. Er hann hafði hreinsað allt net af öxlinum, kveður Indriði hafa komið í ljós, að talsvert af neti og tógi hafði farið undir öxulhlífina. Það hafi náðst að lokum, en nokkuð seinlegt hafi verið að hreinsa það í burtu. Indriði kveður engar skemmdir hafa verið sjáanlegar á skrúfu eða öxli. Klukkan 1135 kveður hann lokið hafa verið að hreinsa úr skrúfu skipsins og kl. 1138 hafi hann og hásetarnir verið komnir um borð í v/s Óðin. Indriði kveður veður hafa verið A 2, sjór 2 og sjóskyggni gott. Indriði kveður b/v Svalbak vera búinn skiptiskrúfu. Hann kveður aðstæður við köfunina hafa verið góðar. Hann hafi þurft að kafa um það bil 4 m niður að skrúfunni. Hins vegar hafi hann verið einn við köfunina, en venja sé, að tveir kafarar kafi saman, ef kostur er. Hann kveður annan kafara ekki hafa verið fyrir hendi og ekki heldur útbúnað til björgunar. Kveðst Indriði telja, að skipverjar b/v Svalbaks hefðu ekki getað náð belg vörpunnar úr skrúfu skipsins og að togarinn hefði ekki komist til hafnar af eigin rammleik eins og ástatt var.

Með bréfi, dags. 1. september 1974, krafði lögmaður stefnanda réttargæslustefnda um greiðslu björgunarlauna fyrir hjálp v/s Óðins við b/v Svalbak, kr. 2.500.000—2.800.000 auk vaxta og kostnaðar. Kvað lögmaðurinn hér vera um sáttatilboð að ræða og áskildi stefnanda rétt til hækkunar, ef tilboðinu yrði hafnað. Í svarbréfi réttargæslustefnda, dags. 13. september 1974, kom fram, að ekki væri fallist á fjárhæð kröfunnar, en hins vegar boðin greiðsla á kr. 1.060.000, en það væri sú fjárhæð, sem björgunarskipið Goðinn hefði tekið í umræddu tilviki. Boði réttargæslustefnda var síðan hafnað af lögmanni stefnanda. Með

bréfi, dags. 25. nóvember 1974, sendi Skipaútgerð ríkisins stefnda reikning að fjárhæð kr. 34.431 fyrir aðstoð v/s Óðins við b/v Svalbak. Greiðsla barst Skipaútgerð ríkisins frá stefnda, og var gefin kvittun fyrir hinn 27. nóvember 1974. Með bréfi, dags. 28. janúar 1975, endursendi svo Skipaútgerð ríkisins stefnda kr. 34.431, og var þess getið, að reikningurinn, sem sendur var, hefði verið án tilskilinnar innheimtubeiðni frá Landhelgisgæslu Íslands og/eða áritunar þaðan og hefði lögmaður stefnanda ekki vitað um reikninginn fyrr en þennan sama dag, þ. e. 28. janúar 1975.

Krafa stefnanda er byggð á því, að b/v Svalbakur hafi verið algerlega ósjálfbjarga, þar sem skipið hafi verið statt með vörpuna í skrófunni og hefði skipverjum ekki tekist að losa hana. Skipið hefði því ekki komist til hafnar af eigin rammleik og hafi því verið statt í hættu. Er á það bent, að þótt ekki hafi verið yfirvofandi hætta á því, að skipið strandaði eða veður grandaði því, þá hafi skipið verið statt í þoku og hafi ekki getað siglt undan skipum, sem á það stefndu. Er því haldið fram, að hjálp sú, sem v/s Óðinn veitti b/v Svalbak í umrætt sinn, hafi verið björgun í skilningi 199. gr. siglingalaga og því beri eiganda b/v Svalbaks að greiða stefnanda björgunarlaun. Er því haldið fram, að kröfu stefnanda sé stillt í hóf, en ljóst sé, að unnið hafi verið að björguninni af kunnáttu og verklagni og hafi kafarinn, sem verkið vann, lagt sig í lífshættu.

Af hálfu stefnanda er því mótmælt, að reikningur sá, sem Skipaútgerð ríkisins sendi, og greiðsla stefnda hafi nokkra þýðingu fyrir úrslit málsins. Reikningurinn hafi verið sendur án heimildar Landhelgisgæslu Íslands og því hafi verið um að ræða mistök, sem mátt hafi vera ljós fyrirsvarsmönnum stefnda, þar sem lögmaður stefnanda hafi áður verið búinn að hafna boði stefnda um miklu hærri greiðslu og einnig hafi verið búíð að birta stefnu í máli þessu á hendur stefnda og réttargæslustefnda. Er því haldið fram, að á grundvelli ákvæða 31. gr. laga nr. 7/1936 sé því reikningurinn og greiðsla hans ekki bindandi fyrir stefnanda.

Sýknukrafa stefnda er í fyrsta lagi byggð á því, að Skipaútgerð ríkisins hafi sent stefnda reikning að fjárhæð kr. 34.431, dags. 20. nóvember 1974, fyrir aðstoð v/s Óðins við b/v Svalbak í umrætt sinn samkvæmt skýrslu skipherra varðskipsins. Reikning þennan hafi stefndi greitt um hæl. Áður en þetta gerðist, hafi lögmaður stefnanda verið búinn að hafna því boði réttargæslu-

stefnda að ljúka málinu með greiðslu á kr. 1.060.000. Því sé reikningurinn og greiðsla stefnda bindandi fyrir stefnanda og eigi hann ekki frekari kröfur á hendur stefnda út af greindum atburði. Verði ekki fallist á þessa sýknuástæðu, er því haldið fram af hálfu stefnda, að þóknun fyrir hjálp þá, sem v/s Óðinn veitti, geti ekki farið fram úr fjárhæð þeirri, sem réttargæslustefndi bauð. Er á það bent, að sigling varðs skipsins á staðinn hafi verið stutt og hindrunarlaus, veður hafi verið gott, köfunaraðgerðir hafi alls tekið 1 klst. og 30 mínútur og hvorki hafi búnaður varðs skipsins né þeir, sem að verkinu unnu, verið settir í hættu. Einnig beri á það að líta, að þótt varðskipið hafi verið með sérstakan búnað til að vinna verkið, þá sé hann ekki dýr og sé slíkur útbúnaður fyrir hendi í sumum af hinum stærri fiskiskipum. Er því haldið fram, að líta beri á framangreind atriði í þeirri röð, sem þau hafa verið rakin, þegar björgunarlaun eru ákveðin, áður en litið er til verðmætis þess, sem bjargað var. Er því jafnframt haldið fram, að auðsætt sé, að verðmæti hins bjargaða skipti minna máli en atriði þau, sem fyrr voru talin, og því sé ljóst, að krafa stefnanda sé með öllu óraunhæf.

Er Skipaútgærð ríkisins, sem mun hafa með höndum fjárreiður fyrir Landhelgisgæslu Íslands, sendi stefnda reikning fyrir hjálp v/s Óðins við b/v Svalbak, sem fjallað er um í máli þessu, hafði lögmaður stefnanda þegar hafnað boði réttargæslustefnda um greiðslu, sem var miklu hærri en reikningsfjárhæðin. Einnig hafði stefna í máli þessu verið birt á hendur stefnda hinn 12. nóvember 1974. Mátti fyrirvarsmönnum stefnda vera ljóst, að reikningurinn hafði verið sendur vegna mistaka, og verður stefnandi því ekki talinn hafa glatað rétti til að leitast við að fá dæmda hærri fjárhæð með málssókn þessari. Verður sýknukrafa stefnda, sem byggð er á þessum grundvelli, ekki tekin til greina.

Samkvæmt framburði skipstjóra og 1. vélstjóra b/v Svalbaks er ekki fram komið, að önnur ráð hafi verið tiltæk til að reyna að losa vörpuna úr skrófu skipsins en að tæta hana úr og beita jafnframt vindu skipsins og vélarafli. Nauðsynlegt var þó að gera við tengsli vélar og skrófu, áður en unnt var að beita fullu vélarafli við slíkar aðgerðir. Verður að telja það með öllu óvíst, hvort skipverjum hefði mátt takast að losa vörpuna úr skrófunni með þessum hætti. Verður því að líta svo á, að b/v Svalbakur hafi verið staddur í slíkri neyð í umrætt sinn, að telja verði hjálp þá, sem v/s Óðinn veitti, björgun í skilningi 199. gr. siglingalaga. Þykir ekki skipta máli í þessu sambandi, hvort unnt var að fá

hjálp frá öðrum skipum, sem stödd voru á þessu svæði. Á stefnandi því rétt á björgunarlaunum úr hendi stefnda skv. 199. gr., sbr. 20. gr. siglingalaga, en ekki er á því byggt, að með kröfu þeirri, sem fram kom í kröfubréfi lögmanns stefnanda, hafi þeir glatað rétti til hærri björgunarlauna en þar var krafist.

Við ákvörðun björgunarlauna ber að hafa í huga, að björgunin tókst fullkomlega, þannig að b/v Svalbakur gat haldið til hafnar fyrir eigin vélaraflí. Var unnið að björgunarstarfinu af verklagni og atorku, og var því lokið á stuttum tíma. Veður var gott og sjór lygn. Hætta sú, sem b/v Svalbakur var í, var ekki yfirvofandi, og er ekki annað fram komið en að öryggisútbúnaður skipsins hafi verið í lagi. Kafarinn, sem kafaði einn, lagði sig í hættu. Ekki varð tjón á björgunarmönnum eða búnaði þeirra. Sigling á staðinn var stutt og kostnaður við búnað kafarans ekki mikill. V/s Óðinn er sérstaklega búinn til björgunarstarfa. Ágreiningslaust er, að verðmæti þess, sem bjargað var, hafi numið kr. 200.000.000. Með hliðsjón af framangreindum atriðum þykja björgunarlaun í máli þessu hæfilega ákveðin kr. 4.000.000..

Af hálfu stefnda var vaxtakröfu stefnanda í stefnu mótmælt sem of hárrí. Við munnlegan flutning málsins var vaxtakrafan lækkuð í 13% ársvexti, og verður hún tekin til greina þannig breytt.

Samkvæmt 3. tl. 216. gr. siglingalaga á stefnandi sjóveðrétt í b/v Svalbak, EA 302, fyrir dæmdum fjárhæðum.

Samkvæmt þessum úrslitum verður stefndi dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað, sem ákveðst kr. 350.000.

Guðmundur Jónsson borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt samdómendunum Andrésí Guðjónssyni vélstjóra og Guðmundi Hjaltasyni skipstjóra.

Dómsorð:

Stefndi, Útgerðarfélag Akureyringa h/f, greiði stefnanda, Péttri Sigurðssyni f. h. Landhelgisgæslu Íslands og áhafnar v/s Óðins, kr. 4.000.000 með 13% ársvöxtum frá 15. ágúst 1974 til greiðsludags og kr. 350.000 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Á stefnandi sjóveðrétt í b/v Svalbak, EA 302, til tryggingar dæmdum fjárhæðum.